

Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa – 22.01.2016

4. fundur

22. janúar 2016 kl. 10:00 – 11:00

Ráðhúsi Húnaþings vestra

Fundarmenn:

Ólafur Jakobsson byggingarfulltrúi

Pétur Arnarsson formaður skipulags- og umhverfisráðs

Fundargerðina ritaði: Ólafur Jakobsson byggingarfulltrúi

1. Reykjaskólavegur 6 – Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna.

Erindi nr. 1601049. Umsókn um byggingarleyfi vegna breytinga á safnhúsi á Reykjatanga, Hrutafirði, lnr. 219206, þar sem Skúli Húnn Hilmarsson, kt. 190675-4679, sækir, fyrir hönd eigenda, um leyfi til að breyta snyrtingum og eldhúsi í matshluta 01. Meðfylgjandi er grunnmynd í 1:100 eftir Bjarna Þór Einarsson, kt. 310348-2449, og bréf þar sem farið er fram á undanþágu frá hluta greinar 6.8.3. BR. um algilda hönnun snyrtinga. Byggingarfulltrúi fellst á umbeðna undanþágu en frestar afgreiðslu að öðru leyti með vísan til athugasemda á fylgiblaði.

2. Sólbakki – nýtt fjós.

Erindi nr. 1507015. Innlagðir breyttir aðaluppdrættir eftir Vigfús Halldórsson, kt. 100760-5849, móttaknir 13.01.2016. Byggingarfulltrúi frestar afgreiðslu með vísan til athugasemda á fylgiblaði.

3. Bjarg – tenging við hitaveitu.

Erindi nr. 1601050. Karl Sigurgeirsson, kt. 121243-4669, fyrir hönd Bjargsbúsins ehf, kt. 421106-0100 sækir með erindi móttaknu 18.01.2016, um byggingarleyfi vegna breytinga á hitakerfi vegna tengingar íbúðarhúss við hitaveitu. Byggingarfulltrúi samþykkir erindið. Yfirlit yfir nauðsynleg gögn verður sent umsækjanda.

4. Syðri-Þverá – niðurrif húss.

Erindi nr. 1601045. Jóhannes Óskar Sigurbjörnsson, kt. 200672-3219, sækir um leyfi til að rífa hesthús, fastanúmer 213-4870, matshluti 09, á jörð sinni Syðri-Þverá. Veðbókarvottorð liggur fyrir.

Byggingarfulltrúi samþykkir erindi umsækjanda og vísar málinu að öðru leyti til heilbrigðiseftirlitsins viðvíkjandi útfærslu urðunar hússins og meðferð spilliefna.

Fundi slitið – kl. 11:00

Pétur Arnarsson

Ólafur Jakobsson